



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

TETZLAFF- TVÍEYKIÐ BRAHMS

SPILAR



15. SEPTEMBER 2016

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd:

Lýrísk svíta: 7'00"

Konsert: 34'00"

Sinfónía: 32'00"

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

FIN 15 SEP 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

TETZLAFF-TVÍEYKIÐ SPILAR BRAHMS

Osmo Vänskä
hljómsveitarstjóri

Christian Tetzlaff
einleikari

Tanja Tetzlaff
einleikari

EFNISSKRÁ

Páll Ísólfsson
Lýrísk svíta (1960)
Pomposo
Allegretto vivace
Semplice
Allegretto vivace

Johannes Brahms
Konsert fyrir fiðlu og selló í a-moll, op. 102 (1887)
Allegro
Andante
Vivace non troppo

HLÉ

Carl Nielsen
Sinfónía nr. 2, op. 16,
Skapgerðirnar fjórar (1901–1902)
Allegro collerico
Allegro comodo e flemmatico
Andante malincolio
Allegro sanguineo



OSMO VÄNSKÄ

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Osmo Vänskä nýtur sem hljómveitarstjóri alþjóðlegrar virðingar fyrir ástríðufulla og áhrifamikla túlkun sína á verkum hinna ýmsu tímaskeiða og tryggð við upprunalega gerð þeirra. Hann hefur verið tónlistarstjóri Minnesota-hljómveitarinnar í rúman áratug og unnið marga sigra með henni þar á meðal Grammy-verðlaun fyrir hljóðritun á 1. og 4. sinfóníu Sibeliusar. Þá hefur heildarútgáfa á sinfóníum Beethovens vakið aðdáun víða um heim. Meðal annarra afreka Osmos eru hljóðritanir hans á verkum Sibeliusar með Lahti-sinfóníuhljómveitinni fyrir BIS-útgáfuna sem tímaritið Gramophone lýsti sem bestu túlkun síðustu þrjátíu ára. Á þessu starfsári mun hann stjórna Minnesota-hljómveitinni í hljóðritunum á 2. og 6. sinfóníu Mahlers en vinna að heildarútgáfu á sinfóníum meistarans hófst í sumar með upptöku á 5. sinfóníunni.

Osmo Vänskä er reglulegur gestur annarra fremstu hljómveita austan hafs og vestan. Má þar nefna Filharmóníuhljómveitirnar í New York og Los Angeles, Cleveland- og Filadelfu-hljómveitirnar, sinfóníuhljómveitirnar í Boston, Chicago og San Francisco, Berlínarfilharmóníuna, helstu hljómveitir Lundúnaborgar, Vínarsinfóníuna, Konunglegu Concertgebouwhljómveitina og Gewandhaus-hljómveitina í Leipzig. Á næstunni stígur hann í fyrsta sinn á stjórnendapall Filharmóníuhljómveitar franska útvarpsins og stjórnar helstu hljómveitum Helsinkiborgar og Filharmóníuhljómveitinni í Ísrael. Þá flytur hann nú í október allar sinfóníur Sibeliusar með Filharmóníuhljómveitinni í London.

Vänskä lærði hljómveitarstjórn í Sibeliusakademíunni í Helsinki og hlaut 1. verðlaun í hljómveitarstjórakeppninni í Besançon í Frakklandi árið 1982. Utan Minnesota-hljómveitarinnar hefur hann verið aðalstjórnandi Lahti-sinfóníuhljómveitarinnar, skosku BBC-hljómveitarinnar og Sinfóníuhljómveitar Íslands.

Osmo Vänskä er aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómveitar Íslands og heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómveitarinnar í Lahti.



CHRISTIAN TETZLAFF

EINLEIKARI

Christian Tetzlaff hefur um árabil verið í hópi eftirsóttustu fiðluleikara í heimi sígildrar tónlistar. Fyrir rúmu ári lofaði gagnrýnandi The Guardian túlkun hans á fiðlukonserti Beethovens með Sinfóníuhljómsveit Lundúna sem stórkostlegasta flutning á verkinu sem hann hefði upplifað. Tetzlaff leikur árlega á u.þ.b. 100 tónleikum en á víðfeðnum verkalista hans eru mörg gleymd meistaraverk svo sem fiðlukonsert Josephs Joachim og ný verk, t.d. fiðlukonsert Jörgs Widmann sem hann frumflutti. Christian Tetzlaff hefur verið staðarlistamaður Berlínarfilharmóníunnar og komið reglulega fram í tónleikaröðum Hljómsveitar Metropolitanóperunnar í New York undir stjórn James Levine. Þá er hann tíður gestur hljómsveita á borð við New York-filharmóníuhljómsveitina, Vínarfilharmóníuna, Concertgebouw-hljómsveitina og helstu hljómsveitir Lundúnaborgar undir stjórn fremstu stjórnenda, þar á meðal Andris Nelsons, Robin Ticcati og Vladimir Jurowski.

Árið 1994 stofnaði Christian Tetzlaff strengjakvartett sem ber nafn hans en kammertónlist hefur löngum verið honum jafn mikilvæg og einleikarastarfið. Tetzlaff-kvartettinn hefur hlotið viðurkenningar á borð við Diapason d'or og tríó hans með systurinni Tönju og píanistanum Lars Vogt hefur verið tilnefnt til Grammy-verðlaunanna. Þá hefur Christian Tetzlaff hlotið fjölda verðlauna fyrir einleik á hljómplötum. Hann leikur á fiðlu sem smíðuð er af þýska fiðlusmiðnum Peter Greiner og hann kennir reglulega við Kronberg-akademíuna.

Á nýbyrjuðu starfsári kemur Christian Tetzlaff fram í fjórum heimsálfum - leikur m.a. með MET-hljómsveitinni og James Levine í New York, Los Angeles-filharmóníunni, Chicago-sinfóníunni, Lundúnafilharmóníunni, Sinfóníuhljómsveitinni í Sydney og sem staðarlistamaður Niðurlandafilharmóníunnar í Amsterdam. Þá ferðast hann með Skosku kammersveitinni um Austur-Asíu og með kammerhópum sínum um Bandaríkin og Evrópu.



TANJA TETZLAFF

EINLEIKARI

Pýski sellóleikarinn Tanja Tetzlaff er mikilvirkur einleikari og kammermúsikant sem kemur víða við á löngum verkalista sínum. Hún hefur lagt sérstaka rækt við helstu verk 20. og 21. aldarinnar, m.a. hljóðritað sellókonserta Wolfgangs Rihm og Ernst Toch fyrir NEOS-hljómplötufyrirtækið.

Tanja hefur leikið með fremstu hljóm sveitum svo sem Tonhalle-hljóm sveitinni í Zürich, Bæversku útvarpshljóm sveitinni, Þýsku kammerfilharmóníunni í Bremen, Spænsku Þjóðarhljóm sveitinni, Fílharmóníuhljóm sveit franska útvarpsins og Cincinnati sinfóníuhljóm sveitinni og unnið meðal annars með hljóm sveitarstjórunum Lorin Maazel, Daniel Harding, Vladimir Ashkenazy, Dimitri Kitajenko, Paavo Järvi, Michael Gielen og Heinz Holliger.

Kammertónlist er snar þáttur í starfi Tönju og kemur hún reglulega fram með Lars Vogt, Leif Ove Andsnes, Alexander Lonquich, Antje Weithaas, Florian Donderer, Baiba og Lauma Skride sem og bróður sínum Christian Tetzlaff. Þá myndar hún tvíeyki með píanóleikaranum Gunilla Süssmann og hafa þær hljóðritað sellósónötur Brahms og verk eftir Sibelius, Grieg og Rakhmanínov fyrir C.Avi-music hljómplötuútgáfuna og leika reglulega í tónleikasölum í Þýskalandi og Skandinavíu.

Á nýbyrjuðu tónleikaári verður hún gestur hljóm sveitarinnar Philharmonia í London, Konunglegu Northern-hljóm sveitarinnar, Skosku kammerhljóm sveitarinnar, Þjóðarhljóm sveitar Loire-fylkisins í Frakklandi og Borgar- og NHK hljóm sveitanna í Tókýó auk Sinfóníuhljóm sveitar Íslands.

Á kammermúsík sviðinu bíða hennar tónleikaferðir með Lars Vogt og Christian Tetzlaff víðsvegar um Evrópu. Þá kemur hún fram með öðrum kammerhópum á tónlistarhátíðinni í Luzern og í Mozarteum í Salzburg.

Tanja Tetzlaff stundaði nám hjá Bernhard Gmelin í Hamborg og Heinrich Schiff við Mozarteum í Salzburg. Hljóðfæri hennar var smíðað af Giovanni Baptista Guadagnini árið 1776.



PÁLL ÍSÓLFSSON

LÝRISK SVÍTA

Páll Ísólfsson (1893–1974) fæddist í Símonarhúsum á Stokkseyri. Foreldrar hans voru Ísólfr Pálsson, organleikari og tónskáld og kona hans, Þuríður Bjarnadóttir. Páll bjó í foreldrahúsum til fimmtán ára aldurs, en fór þá til Reykjavíkur og nam orgelleik hjá Sigfúsi Einarssyni, tónskáldi og dómorganista.

Páll er fyrst og fremst þekktur sem hinn snjalli orgelleikari Dómkirkjunnar og áhrifamaður í tónlistarlífi þjóðarinnar um áratuga skeið. Hann lauk orgelnámi í Leipzig árið 1918 og var aðstoðarorganisti við Tómasarkirkjuna þar í borg 1917–1919. Hann stundaði einnig orgelnám í París árið 1925.

Páll var stjórnandi Lúðrasveitar Reykjavíkur frá 1924–1936, skólustjóri Tónlistarskólans í Reykjavík frá stofnun hans árið 1930 til ársins 1957. Þá var hann tónlistarráðunautur Ríkisútvarpsins frá 1930 til 1959 og hvatamaður að stofnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1950. Hann var organisti við Fríkirkjuna í Reykjavík 1926–1939 og síðan organisti Dómkirkjunnar allt til ársins 1968.

Páll Ísólfsson var mikilvirkur í tónleikahaldi á hljóðfæri sitt og naut alþjóðlegrar viðurkenningar. Hann lagði auk þess stund á hljómsveitarstjórn, kórstjórn og tónsmíðar og eru mörg sönglaga hans greypt í hjórtu þjóðarinnar. Eftir hann liggja einnig orgelverk, hljómsveitarverk, leikhústónlist og kórverk. Þekktasta kórverkið er vafalaust Alþingishátíðarkantatan en hún var valin af þriggja manna dómnefnd til flutnings á Alþingishátíðinni 1930. Einn af þremur dómnefndarmönnum var Carl Nielsen.

Páll hlaut ýmsar viðurkenningar og nafnbætur um ævina og varð heiðursdoktor við háskólann í Osló 1945 og félagi í Sænsku tónlistarakadémiunni 1956.

Lýrísk svíta Páls Ísólfssonar fyrir sinfóníuhljómsveit var frumflutt á tónleikum í tilefni af tíu ára afmæli Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1960. Fyrsti kaflinn (Pomposo) er hátíðlegur en annar kaflinn (Allegretto vivace) kíminn og hraður. Í þriðja kaflanum (Semplice), sem saminn er fyrir strengi eingöngu, kveður við annan og kyrrlátari tón. Síðasti kaflinn (Allegretto vivace) er svo leifturhroð gletta sem rofin er af hægum og blíðlegum millikafla.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Ljódæra svíta Páls Ísólfs-sonar var fyrst flutt á 10 ára afmælistónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Þjóðleikhúsinu 8. mars 1960. Stjórnandi var Róbert Abraham Ottósson en önnur verk á efnisskránni voru Egmont-forleikur Beethovens og 8. sinfónía Schuberts. Í júlíbyrjun sama ár stjórnaði Václav Smetáček síðan verkinu á tónleikaferð hljómsveitarinnar um Vestfirði. Næst var Lýríska svítan á efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á tónleikum á Selfossi í apríl 1973 en síðast hljómaði hún á tónleikum hljómsveitarinnar í Háskólabíói 12. október 1995. Stjórnandi var Osmo Vänskä.



JOHANNES BRAHMS

KONSERT FYRIR FIDLU OG SELLÓ OP. 102

Johannes Brahms (1833–1897) og ungerski fíðluleikarinn og tónskáldið Joseph Joachim (1831–1907) kynntust í Hannover 1853 og bundust strax nánnum vináttuböndum. Brahms skrifaði nær öll fíðluleikverk sín fyrir Joachim og sótti til hans tæknilegar ráðleggingar. Léku þeir saman á fjölmörgum tónleikum og bjuggu um tíma undir sama þaki. Joachim giftist alt-söngkonunni Amalie Schneeweiss árið 1863 og eignuðust þau sex börn. Þegar hjónin skildu sautján árum síðar tók Brahms málstað Amalie og olli það vinslitum milli hans og Joachims. Töluðust þeir ekki við í nokkur ár en Joachim hélt þó áfram að leika verk Brahms.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Það var bandaríski hljómsveitarstjórinn og organistinn William Strickland sem stjórnaði fyrsta flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands á tvíkonsertri Brahms á tónleikum í Háskólabíói í apríl 1963. Til gamans má geta, að meðal annarra verka á efniskránni var Passacaglia eftir Pál Ísólfsson. Tvíkonserntinn hefur síðan þá hljómað sjö sinnum í meðföllum hljómsveitarinnar, síðast í Hörpu í nóvember 2012. Á þeim tónleikum fóru Sigrún Eðvaldsdóttir konsertmeistari og sellóleikarinn Hans Nygaard með einleikshlutverkin en Hans Graf stjórnaði flutningnum. Itzhak Perlman og Lynn Harell fluttu konsertinn með hljómsveitinni í Laugar-dalshöll á Listahátíð 1976 undir stjórn Vladimirs Ashkenazy og er sá flutningur sérlega eftirminnilegur.

Johannes Brahms kynntist sellóleikaranum Robert Hausmann árið 1872 og eftir að hafa heyrt meistaralegan flutning hans á sellósónötunni op. 38 varð þeim vel til vina og tileinkaði Brahms honum aðra sönötuna op. 99 og frumflutti með honum haustið 1886. Í framhaldinu bað Hausmann tónskáldið um að semja fyrir sig sellókonsernt en settir við Joachim voru Brahms ofarlega í huga og rétti hann fram sáttarhönd með því að bæta fíðluröð við verkið. Skipulagði Brahms fyrstu æfingar á konsertinum heima hjá sameiginlegri vinkonu þeirra Clóru Schumann og 21. september 1887 ritar hún í dagbók sína eftirfarandi: „Þessi konsert er að vissu leyti sáttaverk - Joachim og Brahms talast nú við í fyrsta sinn í mörg ár.“

Í tvíkonserntinum gefur að heyra tilvísanir í vináttu þeirra Brahms og Joachims. Þannig gefur að heyra óbeina ívitnun í a-moll fíðluleikskonsert Giovanni Battista Viotti sem var eitt af eftirlætisverkum Joachims. Þá heyrir tónaröðin f-a-e sem er umbreytt stafaröð en lífsmottó Josephs Joachim var „frei aber einsam“ - „frjáls en einmana“ og notaði hann hendinguna oft í eigin verkum. Þá er tíður einradda leikur einleikshljóðfæranna og tilvitnun í frægasta verk Joachims, *Konsert í ungerskum stíl*, dæmi um einlægán sáttavilja Johannesar Brahms.



CARL NIELSEN

SINFÓNÍA NR. 2

Carl Nielsen (1865–1931) var allt frá æskudögum á Fjöni annálúð eftirherma - þótti góður viðmælandi og var afbragðs sögumaður. Ástríðufullur áhugi hans á skapgerð manna, sér í lagi hið heilbrigða og hrjúfa í fari þeirra, varð kveikjan að nokkrum af hans bestu tónverkum. Í engu þeirra opinberast innlifunarhæfileiki Niensens betur en í *Skapgerðasinfóntunni*. Hún varð til á árunum 1901–1902 þegar Nielsen vann fyrir sér sem fiðluleikari í hljómsveit Konunglegu óperunnar í Kaupmannahöfn.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Skapgerðasinfónía Carls Nielsen hefur fjórum sinnum áður hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Fyrst í Þjóðleikhúsinu snemma árs 1958 undir stjórn Róberts Abrahams Ottóssonar. Hér finnst enn ein tengingin við Pál Ísólffson vegna þess að á tónleikunum söng Þuríður dóttir hans nokkrar sópranaríur sem einsöngvari. Næst heyrðist sínfónían í Háskólabíói 2. nóvember 1972 í meðförum norska hljómsveitarstjórans Sverre Bruland og aftur 5 árum síðar í túlkun Eifrids Eckert-Hansen. Sinfóníuhljómsveit Íslands lék verkið síðast í apríl 1991 undir stjórn Petris Sakari.

Að sögn höfundarins fékk hann innblástur að verkinu frá táknsögulegu málverki sem hann sá á sveitaknæpu og lýsir skapgerðunum fjórum. Bráðlyndið var persónugert sem fífljarfur reiðmaður - „augun stóðu út úr höfðinu, hárið flaksaði um gjörvalt andlitið sem var svo afmyndað af bræði og djöfullegu hatri að ég gat ekki varist hlátri.“ Tónmynd Niensens í 1. kaflanum er þó langt frá því að vera brosleg. Kraftur og ákefð einkennir nær allan þáttinn og ljóðræn innskot fá aldrei mikið rými. Tónlistin í næsta kafla sem lýsir hinni hæglátu skapgerð er letileg: „ég sá fyrir mér ungan dreng sem þráir heitast að liggja þar sem fuglarnir syngja, fiskarnir smjúga hljóðlaust um vatnið, sólin vermir og golan strýkur vanga.“ Þriðji kaflinn fjallar um þunglyndu skapgerðina sem hefur yfir sér alvarlegt og hátíðlegt yfirbragð en í upphafi þess fjórða (gláðlyndið) birtist skissa af manni sem „hugsunarlaust veður áfram í fullvissu um að allur heimurinn tilheyri honum og steiktar dúfur fljúgi áreynslulaust upp í munn hans [...] Aðeins einu sinni virðist hann hafa kynnst alvarleikanum - hann verður hugsu um stund sem er nokkuð sem stríðir gegn eðli hans. Útkoma verður sú, að þótt lokamarsinn sé glaðvær, er hann virðulegri og ekki eins sjálfumglaður og fyrri hluti kaflans“.

Sigurður Ingvi Snorrason

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

15. SEPTEMBER 2016

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Hulda Jónsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Martin Frewer
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Lin Wei
Mark Reedman
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Andrzej Kleina
Laufey Sigurðardóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Vera Panitch
Christian Diethard
Roland Hartwell
Laufey Jensdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Pascal La Rosa
Gunnhildur Daðadóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Greta Guðnadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir

VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Herdís Anna Jónsdóttir
Móeiður Sigurðardóttir
Vigdís Másdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Þórarinsdóttir
Ásdís Runólfssdóttir
Kathryn Harrison

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Júliá Mogensen
Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sigurveinsdóttir

BASSI

Thomas Martin
Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Melkorka Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Felicia Greciuc
Matthías Nardeau

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Carl Roine Hultgren

PÁKUR

Frank Aarnink

SLAGVERK

Steef van Oosterhout

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Osmo Vänskä *aðalgestastjórnandi*
Vladimir Ashkenazy *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarssdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Greipur Gíslason *verkefnastjóri*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Jökull Torfason *umsjónarmaður nótna*

Á DÖFINNI

FIN 22 SEP 19:30



UPPÁHALDS ARÍUR

Sinfóníuhljómsveit Íslands býður til óperuveislu þar sem heims kunnar aríur, dúettar og tríó hljóma ásamt vinsælum óperuforleikjum. Meðal þess sem hér hljómar eru dúettinn úr Perluköfurum Bizets, aríur úr Tannhäuser og Madama Butterfly, bátssöngurinn úr Ævintýrum Hoffmanns og kvartettinn frægi úr Rigoletto. Einsöngvarar eru allir í fremstu röð íslenskra söngvara og hljómsveitarstjóri er Leo Hussain sem hefur stjórnað við mörg af frægustu óperuhúsum heims.

SUN 25 SEP 17:00



UNGSVEITIN LEIKUR TSJAJKOVSKÍJ

Eitt mikilvægasta hlutverk sinfóníuhljómsveita um allan heim er að miðla þekkingu sinni og áhuga til nýrra kynslóða hljóðfæraleikara. Frá árinu 2009 hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins safnast saman árlega undir merkjum Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og náð undraverðum árangri. Eivind Aadland stjórnar hljómsveitinni öðru sinni, nú í einu glæsilegasta hljómsveitarverki Tsjajkovskíjs, hinni magnþrungnu fimmtu sinfóníu.

THU 29 SEP 19:30



© Leslie Kee

NORRÆNIR MÚSÍKDAGAR

Norrænir músíkdagar hefjast með glæsilegum hljómsveitar-
tónleikum þar sem fjögur nýleg úrvalsverk hljóma. Fíðlukonsert Esa-Pekka Salonen sem er talinn til „einna áhrifa-
ríkustu tónsmíða seinni ára“, Aeriality eftir Önnu Þorvaldsdóttur, staðartónskáld Filharmóníuhljómsveitarinnar í New York, smákonsert fyrir rafgítar eftir Carl Nielsen-verðlaunahafann Juliönu Hodgkinson og verk Benjamins Staern sem byggir á hugmyndum búddista um frumefnin fimm. Einleikarar eru Akiko Suwanai og Aart Strootman en hljómsveitarstjóri Daniel Raískín.



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Mæðgurnar Inga Rós Ingólfssdóttir og Guðrún Hrund Harðardóttir eru samstíga í tónlistinni.

Guðrún Hrund: Maður hefur verið viðloðandi sveitina alla tíð. Í Háskólabíói fékk ég að vera í fatahenginu og hljóp svo inn á svið sem blómadama. **Inga Rós:** Einmitt, það veitti þér auðvitað innsýn í þennan heim mjög snemma. **Guðrún Hrund:** Já, þetta var dýrmætt.

Þekktar tónlistarfjölskyldur eru þó nokkrar í tónlistarsögunni, bæði þegar kemur að tónskáldum og flytjendum. Í því sem stundum er kallað sígild tónlist er Bach fjölskyldan án ef þekktasta dæmið en tónlist Johanns Sebastian Bach er reglulega að finna í efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Ef tónlistarfjölskyldur fyrirfinnast á Íslandi þá tilheyra þær Inga Rós Ingólfssdóttir og Guðrún Hrund Harðardóttir svo sannarlega einni slíkri og báðar þekkja þær vel til verka meistara Bach.

Þær mæðgur eiga strengina sameiginlega, strjúka strengi sellósins og víólunnar sem líkt og fæðmast bæði í tónhæð og hljómi. Í góðu sínfónísku tónverki er engin rödd mikilvægari en önnur og í bestu tónverkunum finnst hlustandanum jafnvel að ekki sé hægt að hnika til einum einasta tóni, svo fullkominn er tónheimurinn.



GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is